

**Starfsáætlun leikskólans**  
**Akurs**  
fyrir skólaárið 2016-2017

**HJALLASTEFNAN** EHF



þekkingu og reynslu kennara af menntun ólíkra barna, styðja námslega stöðu barna af erlendum uppruna í leikskólanum, iðka samskipti við foreldra, stuðla að og styðja við virkt tví- og fjöltyngi barna.

-Leikskólinn er einnig orðinn „leikur að læra“ skóli og mun starfa markvisst að því að efla nám í gegnum hreyfingu.

-Enskukennsla er reglulega yfir veturinn en hún er kennd í 6 lotum yfir veturinn og fá öll börn leikskólans að njóta hennar.

Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá Akurs.

## **Mat og umbætur**

Leikskólinn Akur stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem að nokkru er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. s.s. spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis, en að nokkru er innra matið einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, s.s. gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu. Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hver skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarlega útlistun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna í skýrslu hans um innra mat.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og Menningar- og menntamálaráðuneytis. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstaður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af faggildum aðila árlega.

## **Samstarf við grenndarsamfélag**


Leikskólinn Akur leggur sig fram um góð samskipti við grenndarsamfélagið. Farið er í reglulegar ferðir með strætó í Bókasafn Reykjanesbæjar þar sem börnin kynnast heimi bókanna og fá að taka með sér bækur til baka í leikskólann.

Víkingaheimar, Narfakotsseyla og Stekkjakot eru í nágrenni leikskólans og fara börn og kennarar reglulega í vettvangsferðir til að skoða þessa merku staði. Leikskólinn Akur tekur þátt í samstarfi við bæjaryfirvöld hátíðum eins og Listahátíð barna og setningu Ljósanætur. Lögreglan kemur og fræðir börnin og gefur límmiða á hjóladögum og slökkviliðið mætir og fræðir elstu börnin um eldvarnir. Börnin á Akri læra um umferðina og ábyrgð á umhverfinu (týna rusl og fl.) í göngu um nærumhverfið. Elstu börnin mynda tengsl við börn og kennara í Akurskóla með samstarfi sem á sér stað yfir veturinn.

Reykjanesbær 22.ágúst 2016

Foreldraráð leikskólans Akurs hefur kynnt sér starfsáætlun þessa og samþykkir hana fyrir sitt leiti.

Með bestu kveðju,

  
f.h. foreldraráðs leikskólans Akurs